



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning 1.7.2025
Málsnúmer MRN25030084

Viðbrögð mennta- og barnamálaráðuneytis við heimsóknarskýrslu embættis umboðsmanns Alþingis á neyðarvistun barna á Flatahrauni

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 10. mars 2025, sem barst mennta- og barnamálaráðuneytinu hinn 11. mars 2025. Með bréfinu er þess óskað að mennta- og barnamálaráðherra geri grein fyrir viðbrögðum við ábendingum og tilmælum umboðsmanns sem finna má í skýrslu embættisins um neyðarvistun barna á lögreglustöðinni á Flatahrauni, sem fylgdi með bréfinu, eigi síðar en 15. maí 2025. Að beiðni mennta- og barnamálaráðuneytis var ráðuneytinu veittur frestur til að svara erindinu til 1. júlí 2025.

Í heimsóknarskýrslunni er farið ítarlega yfir umhverfi og aðbúnað úrræðisins á Flatahrauni og er þar sett fram sú afstaða umboðsmanns að Flatahraun sé ekki viðeigandi vistunarstaður fyrir neyðarvistuð börn. Þeim tilmælum er beint til Barna- og fjölskyldustofu og mennta- og barnamálaráðherra að endurskoða þá tilhögun að vista börn í fangageymslu á Flatahrauni. Í því sambandi er bent á að aðbúnaður og umhverfi þar henti ekki til vistunar barna sem eru neyðarvistuð að beiðni barnaverndaryfirvalda.

Líkt og mennta- og barnamálaráðuneyti hefur þegar upplýst umboðsmann Alþingis um var úrræðinu á Flatahrauni lokað hinn 16. apríl 2025 og hefur það ekki verið notað frá þeim tíma. Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að réttindi barna sem þurfa á neyðarvistun að halda séu tryggð sem og ábendingar um að aðbúnaður og umhverfi slíkra úrræða sé eins og best verður á kosið. Tekin var ákvörðun um að nýta húsnæðið í afmarkaðan tíma vegna neyðarástands sem skapaðist í kjölfar alvarlegs ófyrirséðs atburðar, sem átti sér stað haustið 2024, og olli því að hluti húsnæðis Stuðla, meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga, varð ónothæft vegna bruna. Rétt er að taka fram að þann tíma sem húsnæðið var í notkun var rík áhersla lögð á að það væri notað eins lítið og mögulegt væri og að aðbúnaður þeirra barna sem þar þurftu að dvelja eins og best væri á kosið, með öryggi þeirra og velferð að leiðarljósi.

Ráðuneytið hefur undanfarna mánuði, í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu, og aðra hlutaðeigandi aðila, lagt alla áherslu á uppbyggingu úrræða innan barnaverndarkerfisins í því skyni að tryggja að til staðar séu viðeigandi úrræði hér á landi fyrir börn sem þurfa á neyðarvistun að halda.

Í heimsóknarskýrslunni er jafnframt vísað með almennum hætti til fyrri athugasemda sem umboðsmaður Alþingis hefur sett fram í tengslum við OPCAT eftirlit embættisins með úrræðum þar sem börn eru vistuð. Vegna þeirra athugasemda sem lúta að lagaumhverfinu er rétt að taka fram að mennta- og barnamálaráðherra áformar að leggja fram frumvarp til nýrra laga um barnavernd á haustþingi 157. löggjafarþings. Í frumvarpinu verða lagðar til umfangsmiklar breytingar sem m.a. lúta að

Þvingunarráðstöfunum innan barnaverndarkerfisins. Þá er jafnframt fyrirhugað að leggja til breytingar á ákvæðum um talsmenn barna sem og breytingar sem lúta að því að skýra kvörtunar- og kæruleiðir. Að öðru leyti er vísað til viðbragða mennta- og barnamálaráðuneytis við heimsóknarskýrslu embættis umboðsmanns Alþingis á Stuðla, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, einnig dags. 1. júlí 2025.

Sé þess óskað veitir ráðuneytið góðfúslega frekari upplýsingar.

Fyrir hönd ráðherra,

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir

Theódóra Sigurðardóttir